



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

## **Umsögn og athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, þingmál 89**

**Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi** leggja eftirfarandi áherslur sínar fram sem athugasemdir vegna tillögu til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landsvæða, til viðbótar við áður innsendar umsagnir og athugasemdir samtakanna dags. 11.11.2011 og dags 07.05. 2012.

- Skaftárhreppur í Vestur-Skaftafellssýslu er víðfemur; spannar um 7% Íslands. Náttúran þar er afar sérstök og einhver sú alkvikasta í veröldinni. Hún státar af því að vera enn, árið 2012, lítt röskuð landslagsheild. Gildi slíks hefur vaxið með árunum og á vafalaust eftir að gera um komandi ár.
- Skaftárhreppur hefur mikla jarðfræðilega sérstöðu og býr yfir stórmerku landslagi, sem sumt á sér óvíða og jafnvel hvergi hliðstæðu. Hann liggur sunnan og vestan Torfajökulssvæðisins og er hluti þeirrar landslagsheildar. Í Skaftárhreppi er eldvirkasti hluti Íslands og svæðið einkennist af samspili elds og íss; stöðugri landmótun. Stærsti hluti yfirborðsins er yngri en tíu þúsund ára og stór hluti yngri en eitt þúsund ára. Í Skaftárhreppi hafa runnið tvö mestu hraunflóð á jörðinni á sögulegum tíma.
- Vatnasvið Kúðafljóts, þ.m.t. Skaftá, Hólmsá og Tungufljót, og vatnasvið jökulána í austurhluta svæðisins; Djúpa, Brunná og Hverfisfljót, eru enn óröskuð af virkjunum. Óröskuð vatnasvið heyra til undantekninga á heimsvísu og eru mikil auðlind sem ber að vernda.
- Virkjanaframkvæmdir í viðkvæmri og einstakri náttúru Skaftárhrepps eru ósjálfbærar skammtímalausnir. Virkjun í jökulfalla hefur mikil og óafturkræf umhverfisáhrif; set safnast í lón og slík orkuframleiðsla getur ekki talist vera græn orka.
- Grunnatvinnuvegir í Skaftárhreppi eru landbúnaður og ferðaþjónusta, og byggja báðir á landsins gæðum. Greinarnar eiga vel saman; styðja hvor við aðra og geta átt mikla möguleika á vexti með auknu samstarfi, sem hlúð hefur verið að á undanförunum árum. Virkjanir af þeim toga sem til umfjöllunar eru í 2. áfanga rammaáætlunar myndu koma verulega illa við landbúnað og ferðaþjónustu. Lágrent og verðmætt beitarnland myndi skerðast til muna, svo að álag yrði aukið á hálandari og viðkvæmari hluta.

Hvað ferðabjónustuna varðar, þá er í Skaftárhreppi stunduð náttúrutengd ferðabjónusta, sem ekki fer á nokkurn hátt saman við ósjálfbærar virkjanir í áður óraskaðri náttúru.

- Engar rannsóknir hafa farið fram á samfélagslegum áhrifum fyrirhugaðra virkjana í Skaftárhreppi, sem til umfjöllunar eru í biðflokki 2. áfanga rammaáætlunar. Áhrif á samfélag eru ein af grunnstoðum sjálfbærni. Nú þegar hafa komið fram neikvæð samfélagsleg áhrif sem valda ágreiningi og skapa ósamstöðu á meðal íbúa sveitarfélagsins. Viðkomandi orkufyrirtæki, sem bíða skyldu átekta eftir niðurstöðu rammaáætlunar, fara sínu fram og halda áfram vinnu við umhverfismat/undirbúning fyrirhugaðra virkjana. Valtað er yfir bændur og landeigendur sem ekki vilja semja um vatns- og landréttindi, í krafti rannsóknaleyfa sem orkumálastjóri hefur gefið út með samþykki sveitarstjórnar Skaftárhrepps. Þetta er gert þvert á orð ríkisstjórnarinnar um að bíða með slíkt þar til niðurstöður 2. áfanga rammaáætlunar verða ljósar. Sveitarstjórnin beitti skipulagsvaldi sínu, án þess að taka nokkurt tillit til fjölmargra vel rökstuddra athugasemda um fyrirhugaðar virkjanaf framkvæmdir og samþykkti þær inn á aðalskipulag sveitarfélagsins, þrátt fyrir að vinnu við rammaáætlun væri ekki lokið. Rétt er að fram komi, í ljósi þess að vera virkjana á aðalskipulagi vegur þungt, að á íbúafundi um gerð skipulagsins var því haldið fram við fundarmenn af sveitarstjórnarfulltrúum Skaftárhrepps, að vera virkjananna á aðalskipulaginu væri marklaus; rétt væri að leyfa öllum með hugmyndir um uppbyggingu að „vera með“, en slíkt hefði ekkert með vilja eða framtíðarsýn sveitarstjórnar að gera. Sagði hún sig alls neitt frekar hlynnta þeim. **Framansagðs er sérstaklega getið hér, þar sem sú staðreynd að virkjanahugmyndirnar eru inni á umræddu aðalskipulagi hefur verið notuð sem vopn virkjanasinna í áframhaldandi umræðu/baráttu um málið.**
- Áfram um skipulagsvald sveitarfélaga, sem stórt spurningamerki má setja við – ekki síst í svo fámennu og víðfemu sveitarfélagi sem Skaftárhreppur er. Svæðið spannar sem fyrr segir 7% af Íslandi og íbúar voru innan við 450 í árslok 2011. Á bak við þriggja manna meirihluta í sveitarstjórn eru 169 atkvæði, sem er 0.001% gildra atvæða í sveitarstjórnarkosningunum 2010. Premeningarnir hafa skv. gildandi skipulagslögum afgerandi skipulagsvald er kemur að nýtingu fjöreggs þjóðarinnar – höfuðstólnum – náttúrunni sjálfri. Hluti svæðisins er að auki þjóðlenda. Stjórn Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi skorar á ykkur þingmenn að íhuga þetta í samhengi við hugtakið lýðræði. Í samhengi við langtímasýn og vítt samhengi. Það heitir sjálfbærni og er tískuorð í dag. Betur væri að við skildum öll merkinguna.
- Alvarleg skekkja virðist vera í sveitarstjórnarkerfinu þegar skyldur fámenns sveitarfélags eru það miklar og sligandi fjárhagslega að kjörin stjórn þess sér þann kost einan að fórna einstæðri náttúru á heimsmælikvarða til að fá í kassa sinn fasteignagjöld af stöðvarhúsum virkjana – en sú er því miður raunin. Þar er á ferðinni sami meirihlutinn og greint er frá í málsgreininni að framan. Ályktun undirritaðra er að það orki tvímælis að þar liggja svo gríðarlegt vald yfir auðlindum þjóðarinnar. Hvetjum við Alþingismenn til að skoða virkjanaáform í Skaftárhreppi með tilliti til þessa.

**Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi leggja þunga áherslu á að fallið verði frá öllum virkjanahugmyndum í jökulvötnum í Skaftárhreppi, þannig að við lokafrágang rammaáætlunar 2 verði allir virkjanakostir sem eru í biðflokki verði færðir í verndarflokk. Ekki þarf nema eina af fyrirhuguðum virkjunum til að spilla náttúrugæðum og ímynd svæðisins sem enn er lítt röskuð landslagsheild sem mikilvægt er að vernda fyrir núlifandi og komandi kynslóðir.**

**Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi skora á ykkur, þingmenn þjóðarinnar, að taka þannig afstöðu með náttúrunni og með Íslendingum framtíðarinnar.**

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Ingibjörg Eiríksdóttir  
Ólafía Jakobsdóttir  
[eldvotn@gmail.com](mailto:eldvotn@gmail.com)